

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2016/EES/63/03

frá 27. október 2014

um samantekt skrár samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka á tímabilinu 2015 til 2019*(tilkynnt með númeri C(2014) 7809)*

(2014/746/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽¹⁾, einkum 13. mgr. 10. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2003/87/EB er kveðið á um að uppboð ættu að vera grundvallarreglan fyrir úthlutun heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda til rekstraraðila stöðva innan gildissviðs viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir frá og með 2013. Hins vegar munu til þess hæfir rekstraraðilar áfram fá losunarheimildir án endurgjalds frá 2013 til 2020 í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í tilskipun 2003/87/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB ⁽²⁾.
- 2) Metnaðarfullur alþjóðasamningur um loftslagsbreytingar, sem miðar að því að takmarka hnattræna hlýnun við 2 °C, er ekki fyrir hendi og það gæti rýrt ávinninginn af aðgerðum Sambandsins. Bindandi aðgerðir á alþjóðavettvangi eru ekki fyrir hendi og það gæti leitt til aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda í þriðju löndum þar sem iðnaður sætir ekki sambærilegum takmörkunum á losun kolefnis (hér á eftir nefndur kolefnisleki). Til að bregðast við þessari áhættu á kolefnisleka er í tilskipun 2003/87/EB kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli, með fyrirvara um niðurstöður úr alþjóðlegum samningaviðræðum, taka saman skrá yfir geira og undirgeira, sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka (skrá yfir geira og undirgeira). Þessir geirar og undirgeirar ættu að fá, án endurgjalds, 100% af þeim fjölda losunarheimilda sem ákvarðaður var á grundvelli tilskipunar 2003/87/EB og ákvörðunar 2011/278/ESB, með fyrirvara um leiðréttingarstuðulinn sem liggur þvert á atvinnugreinar, sem um getur í 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB og er settur fram í II. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/448/ESB ⁽³⁾.
- 3) Að því er þetta varðar hefur framkvæmdastjórnin rannsakað að hve miklu leyti þriðju lönd, sem hafa afgerandi hlutdeild í heimsframleiðslu vara í geirum og undirgeirum, sem eru á skránni yfir kolefnisleka, skuldbinda sig eindregið til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í þessum viðkomandi geirum og hvort þessar skuldbindingar séu sambærilegar við skuldbindingarnar í Sambandinu og framkvæmdar innan sama tímaramma. Að auki var rannsakað að hve miklu leyti nýtni stöðva í þeim löndum er sambærileg við stöðvar í Sambandinu. Framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að fastsetja að sambærileiki væri fullnægjandi að því er varðar skuldbindinguna um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og þar af leiðandi skiptir sambærileiki kolefnisnýtninnar ekki máli.
- 4) Fyrsta skráin yfir geira og undirgeira, sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka, var tekin saman á árinu 2009 fyrir árin 2013 og 2014 í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/2/ESB ⁽⁴⁾.
- 5) Matið ætti að grundvallast á nokkrum meginlegum og eigindlegum viðmiðunum og á gögnum frá síðustu þremur árum. Að því er þetta varðar notaði framkvæmdastjórnin gögn frá árunum 2009, 2010 og 2011 þar eð gögn frá 2012 voru eingöngu fyrir hendi um nokkra af þessum mælipáttum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 308, 29.10.2014, bls. 114. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 192/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 275, 25.10.2013, bls. 32.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB frá 27. apríl 2011 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/448/ESB frá 5. september 2013 um framkvæmdarráðstafanir á landsvísu varðandi úthlutun heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda án endurgjalds á umbreytingatímabili í samræmi við 3. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 240, 7.9.2013, bls. 27).

⁽⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/2/ESB frá 24. desember 2009 um samantekt skrár samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka (Stjtið. ESB L 1, 5.1.2010, bls. 10).

- 6) Í því skyni að taka saman skrána yfir geira og undirgeira lagði framkvæmdastjórnin mat á áhættu á kolefnisleka í geirum og undirgeirum í Sambandinu á grundvelli 4. þreps atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins (NACE-4), í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 ⁽⁵⁾. Fjórða þrep atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins er það þrep þar sem tiltækileiki gagna er sem best verður á kosið til nákvæmrar skilgreiningar á geirum. Geiri er táknaður með fjögurra tölustafa flokkunarþrepi á grundvelli atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins og undirgeiri er táknaður á grundvelli vöruflokunar eftir atvinnugreinum (CPA) (sex tölustafir) eða vöruskrár ESB (átta tölustafir), þ.e. flokkun á vörum, sem eru notaðar í hagskýrslur um iðnaðarframleiðslu í Sambandinu, sem leiðir beint af flokkun samkvæmt atvinnugreinaflokun Evrópusambandsins.
- 7) Geirarnir voru fyrst metnir á grundvelli meginðlegu viðmiðananna sem settar eru fram í 15. og 16. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Svo unnt sé að beita meginðlegu viðmiðununum þurfti framkvæmdastjórnin að ákvarða summu beins og óbeins viðbótarkostnaðar, sem hlýst af framkvæmd tilskipunar 2003/87/EB.
- 8) Beini viðbótarkostnaðurinn, sem hlýst af magni losunarheimilda sem geiri þyrfti að kaupa ef hann telst ekki vera í talsverðri áhættu á kolefnisleka, var reiknaður út frá gögnum um beina losun koltvísýrings innan geirans. Gögnin í viðskiptadagbók Evrópusambandsins (EUTL) teljast vera nákvæmasta og gagnsæjasta uppspretta heimilda um gögn um losun koltvísýrings frá stöðvum og hafa því verið notuð til að reikna út beinan kostnað fyrir geirana. Að því er varðar geira og gróðurhúsalofttegundir, sem falla eingöngu undir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir frá 1. janúar 2013, eru ekki til nein gögn um losun í viðskiptadagbók Evrópusambandsins. Í þeim tilvikum notaði framkvæmdastjórnin því gögn um beina losun koltvísýrings, sem aðildarríkin lögðu fram innan framkvæmdarráðstafana á landsvísi (NIM) samkvæmt ákvörðun 2011/278/ESB.
- 9) Til að ákvarða óbeinan viðbótarkostnað safnaði framkvæmdastjórnin gögnum frá aðildarríkjunum um raforkunotkun innan geira sem tryggði að ekki kom til tvítalningar á notaðri raforku milli mismunandi kóða atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins. Til að ákvarða losun, sem tengist framleiðslu á raforku sem notuð er í viðkomandi geirum, fyrir skrána yfir geira og undirgeira í ákvörðun 2010/2/ESB notaði framkvæmdastjórnin meðallosunarstuðul, sem fenginn er úr heildarsamsetningu eldsneytis fyrir raforkuframleiðslu, þar eð talið var að hann byggðist á nákvæmstu gögnunum. Sami meðallosunarstuðull var notaður fyrir þau mót sem lögð eru til grundvallar þessari ákvörðun.
- 10) Til að ákvarða beinan og óbeinan viðbótarkostnað þurfti framkvæmdastjórnin enn fremur að áætla meðalkolefnisverð. Til að taka saman fyrstu skrána yfir geira og undirgeira var notað áætlað kolefnisverð, sem nemur 30 evrum á hvert tonn jafngildiseiningar koltvísýrings (CO₂), í mötin. Á gildistíma ákvörðunar 2010/2/ESB hefur munurinn milli kolefnisverðs, sem áætlað hefur verið fyrir mötin, og raunverulegs kolefnisverðs verið töluverður og það síðara hefur verið talsvert lægra. Þó lagði framkvæmdastjórnin til í orðsendingu sinni, sem nefnist „Stefnuramma fyrir loftslag og orku á tímabilinu frá 2020 til 2030“ (e. *A policy framework for the climate and energy in the period from 2020 to 2030*) ⁽⁶⁾, skilyrðislaust markmið um 40% skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2030, samanborið við árið 1990, og samsvarandi markmið varðandi endurnýjanlega orkugjafa. Framkvæmdastjórnin hefur einnig lagt til að komið verði á markaðsstöðugleikavarsjóði í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir. Við þessar aðstæður er búist við að kolefnisverði verði í framtíðinni frekar stýrt af losunarskerðingu til meðallangs og langs tíma. Því telst réttlætandi að halda áfram að nota áætlað kolefnisverð, sem nemur 30 evrum á hvert tonn jafngildiseiningar koltvísýrings (CO₂), í þau mót sem lögð eru til grundvallar þessari ákvörðun.
- 11) Reikna ætti beinan og óbeinan viðbótarkostnað sem hluta af vergu vinnsluvirði. Að því er varðar mat á vergu vinnsluvirði innan geira hafa verið notuð gögn úr hagskýrslum um skipulag fyrirtækja frá Hagstofu Evrópusambandsins.
- 12) Enn fremur lagði framkvæmdastjórnin mat á umfang viðskipta fyrir hvern geira og undirgeira á grundvelli gagna sem fengin voru úr Comext-gagnagrunni Hagstofu Evrópusambandsins.
- 13) Framkvæmdastjórnin lagði í heildina mat á 245 iðnaðargeira og 24 undirgeira sem flokkaðir eru undir deildunum „námuþróftur og vinnsla hráefna úr jörðu“ og „framleiðsla“ innan atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins. Geirarnir og undirgeirarnir sem tilgreindir eru í 1. lið viðaukans við þessa ákvörðun uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 15. og 16. mgr. 10. gr. a í ákvörðun 2003/87/EB og ættu að teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka.
- 14) Möt, sem grundvallast á eigindlegu viðmiðunum sem settar eru fram í 17. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, hafa farið fram í nokkrum geirum sem teljast ekki vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka á grundvelli meginðlegu viðmiðana sem settar eru fram í 15. og 16. mgr. 10. gr. a. Eigindlegt mat fór fram í tilvikum sem uppfylltu eigindlegu viðmiðanirnar í tengslum við ákvörðun á fyrri skrá, í tilvikum varðandi geira sem töldust vafatilvik og að beiðni fulltrúa iðnaðarins.

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrsluvið (Stjtið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1.).

⁽⁶⁾ COM(2014) 15 lokaútgáfa/2 frá 28. janúar 2014.

- 15) Þegar um var að ræða geirana „frágangur á textílum“ (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 1330), „framleiðsla á múrsteinum, tígulsteinum og byggingarvörum úr brenndum leir“ (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 2332), „framleiðsla á byggingarefni úr gifsi“ (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 2362), „járnsteypa“ (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 2451) og „steypa léttmálma“ (2453) hafa eigindleg mót, sem fóru fram í tengslum við ákvörðun á fyrri skrá yfir geira og undirgeira sem var í gildi 2013 og 2014, verið uppfærð. Komist var að þeirri niðurstöðu að kringumstæðurnar, sem réttlæta að bæta þessum geirum á skrána yfir geira og undirgeira, séu enn í gildi. Því ættu þessir geirar einnig að teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka á tímabilinu 2015 til 2019.
- 16) Eigindlegt mat fór fram fyrir geirann „maltgerð“ (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 1106) þar eð sá geiri var vafatilvik með tilliti til 16. mgr. b í 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Að teknu tilliti til aukins kostnaðar sem hlýst af framkvæmd tilskipunar 2003/87/EB sýndi matið fram á mikið umfang viðskipta og marktæka minnkun arðseminnar í þessum geira í Sambandinu. Lágð hagnaðarhlutfall takmarkar getu stöðva til að fjárfesta og draga úr losun. Á grundvelli samanlagðra áhrifa þessara þátta ætti þessi geiri að teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka.
- 17) Á grundvelli eigindlegu viðmiðana ættu geirarnir sem eru tilgreindir í 2. lið viðaukans að teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka.
- 18) Þar eð skráin yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka, sem mæla skal fyrir um í viðaukanum, á að gilda fyrir tímabilið frá 2015 til 2019 ætti þessi ákvörðun að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2015.
- 19) Í þágu réttarvissu og skýrleika laga ætti að fella ákvörðun 2010/2/ESB úr gildi frá og með 1. janúar 2015.
- 20) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Geirar og undirgeirar sem tilgreindir eru í viðaukanum teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka.

2. gr.

Ákvörðun 2010/2/ESB er felld úr gildi frá og með 1. janúar 2015.

3. gr.

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2015.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Connie HEDEGAARD

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Geirar og undirgeirar sem teljast skv. 13. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleika

1. Á GRUNDEVELLI VIÐMIÐANA SEM SETTAR ERU FRAM Í 15. OG 16. MGR. 10. GR. a Í TILSKIPUN 2003/87/EB

1.1. Á grundvelli 4. þreps atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins

Kóði atvinnugreina- flokunar Evrópu- sambandsins	Lýsing	Viðmiðanir sem eru uppfylltar
0510	Steinkolanám	C
0610	Vinnsla á hráolíu	C
0620	Vinnsla á jarðgasi	C
0710	Járn nám	C
0729	Nám annarra málma en járns	C
0891	Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðagerðar	C
0893	Saltnám	A
0899	Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu, ót.a.	A, C
1020	Fiskvinnsla; vinnsla krabbadýra og lindýra	C
1041	Framleiðsla á olíu og feiti	C
1062	Framleiðsla á mjólva og mjölvavöru	A
1081	Sykurframleiðsla	A
1086	Framleiðsla á jafnblönduðum matvælum og sérfaði	C
1101	Eiming, hreinsun og blöndun áfengra drykkja	C
1102	Framleiðsla á víni úr þrúgum	C
1104	Framleiðsla á öðrum óeimuðum, gerjuðum drykkjarvörum	A
1310	Forvinnsla og spuni á textíltrefjum	C
1320	Textílvafnaður	C
1391	Framleiðsla á hekludum og þrjúnuðum dúk	C
1392	Framleiðsla á tilbúinni spunavöru annarri en fatnaði	C
1393	Framleiðsla á gólfteppum og mottum	C
1394	Framleiðsla á kóðlum, seglgarni og netum	C
1395	Framleiðsla á trefjadúk og vörum úr þeim, þó ekki fatnaði	C
1396	Framleiðsla annarra tækni- og iðnaðartextíla	C

Kóði atvinnugreina- flokunar Evrópu- sambandsins	Lýsing	Viðmiðanir sem eru uppfylltar
1399	Framleiðsla á annarri ótalinni textílvöru	C
1411	Framleiðsla á leðurfatnaði	C
1412	Vinnufatagerð	C
1413	Framleiðsla á öðrum yfirfatnaði	C
1414	Framleiðsla á nærfatnaði	C
1419	Framleiðsla á öðrum fatnaði og fylgihlutum	C
1420	Framleiðsla á vörum úr loðskinnum	C
1431	Framleiðsla á sokkum og sokkavörum	C
1439	Framleiðsla á öðrum þrjúnuðum og hekludum fatnaði	C
1511	Sútun leðurs; sýtun og litun á loðskinni	C
1512	Framleiðsla á ferðatöskum, handtöskum og áþekktum vörum; reiðtygjum og skyldum vörum	C
1520	Framleiðsla á skófatnaði	C
1622	Framleiðsla á samsettum parketgólflum	C
1629	Framleiðsla á annarri viðarvöru; framleiðsla á vörum úr korki, hálmi og fléttiefnum	C
1711	Framleiðsla á pappírskvoðu	A, C
1712	Framleiðsla á pappír og pappa	A
1724	Framleiðsla á veggfóðri	C
1910	Koksframleiðsla	A, C
1920	Framleiðsla á hreinsuðum olíuvörum	A
2012	Framleiðsla á lit og litarefnum	C
2013	Framleiðsla á öðrum ólífrænum grunnefnum til efnaiðnaðar	A, C
2014	Framleiðsla á öðrum lífrænum grunnefnum til efnaiðnaðar	A, C
2015	Framleiðsla á tilbúnum áburði og köfnunarefnissamböndum	A, B
2016	Framleiðsla á plasthræfnum	C
2017	Framleiðsla á syntetísku gúmmíi til úrvinnslu	C
2020	Framleiðsla á skordýra- og illgresiseyði og öðrum efnum til nota í landbúnaði	C

Kóði atvinnugreina- flokunar Evrópu- sambandsins	Lýsing	Viðmiðanir sem eru uppfylltar
2042	Framleiðsla á ilmvatni og snyrtivörum	C
2053	Framleiðsla á ilmolíum	C
2059	Framleiðsla á annarri efnavöru, ót.a.	C
2060	Framleiðsla gervipráðar	C
2110	Framleiðsla á efnum til lyfjagerðar	C
2120	Lyfjaframleiðsla	C
2211	Framleiðsla á gúmmihjólborðum og hjólbarðaslöngum, sólun notaðra gúmmihjólbarða	C
2219	Framleiðsla á öðrum gúmmivörum	C
2311	Framleiðsla á flotgleri	A
2313	Framleiðsla á glerilátum	A
2314	Framleiðsla á glertrefjum	A/C ⁽¹⁾
2319	Framleiðsla og vinnsla á öðru gleri, þ.m.t. glervara til tæknilegra nota	C
2320	Framleiðsla á eldföstum vörum	C
2331	Framleiðsla á flisum og hellum úr leir	A, C
2341	Framleiðsla á heimilisvörum og skrautmunum úr leir og postulíni	C
2342	Framleiðsla á hreinlætistækjum úr leir og postulíni	C
2343	Framleiðsla á einangrurum og tengjum úr leir	C
2344	Framleiðsla á annarri leirvöru til tæknilegra nota	C
2349	Framleiðsla á öðrum leirvörum	C
2351	Sementsframleiðsla	B
2352	Kalk- og gifsframleiðsla	B
2370	Steinsmiði	C
2391	Framleiðsla á vörum til slípunar	C
2410	Framleiðsla á járni, stáli og járnblendi	A
2420	Framleiðsla á rörum, pípum, holum prófilum og tengihlutum úr stáli	C
2431	Kalldráttur stanga	C
2441	Framleiðsla góðmálma	C

Kóði atvinnugreina- flokunar Evrópu- sambandsins	Lýsing	Viðmiðanir sem eru uppfylltar
2442	Álframleiðsla	A, C
2443	Blý-, sink- og tinframleiðsla	A
2444	Koparframleiðsla	C
2445	Framleiðsla annarra málma sem ekki innihalda járn	C
2446	Vinnsla á kjarnorkueldsneyti	A, C
2540	Vopna- og skotfæraframleiðsla	C
2571	Framleiðsla á hnífapörum, hnífum, skærum, o.þ.h.	C
2572	Framleiðsla á lásnum og lómum	C
2573	Framleiðsla á verkfærum, þó ekki vélknúnum	C
2594	Framleiðsla á boltum og skrúfum	C
2599	Framleiðsla á öðrum ótöldum málmvörum	C
2611	Framleiðsla á rafeindaíhlutum	C
2612	Framleiðsla á fullbúnum rafeindaspjöldum	C
2620	Framleiðsla á tölvum og jaðarbúnaði	C
2630	Framleiðsla fjarskiptabúnaðar	C
2640	Framleiðsla á sjónvarps-, útvarps- og hljómtækjum og skyldum búnaði	C
2651	Framleiðsla á tækjum og búnaði til mælinga, prófana og leiðsögu	C
2652	Framleiðsla á úrum og klukkum	C
2660	Framleiðsla á búnaði til geislunar, raftækjabúnaði til lækninga og meðferðar	C
2670	Framleiðsla á optískum tækjum og ljósmyndabúnaði	C
2680	Framleiðsla á segul- og optískum miðlum	C
2711	Framleiðsla á rafhreyflum, rafölum og spennubreytum	C
2712	Framleiðsla á dreifi- og stjórnbúnaði fyrir raforku	C
2720	Framleiðsla rafhlaðna og rafgeyma	C
2731	Framleiðsla á ljósleiðaraköplum	C
2732	Framleiðsla á öðrum rafeinda- og rafmagnsvírum og köplum	C
2733	Framleiðsla á leiðslubúnaði	C

Kóði atvinnugreina- flokunar Evrópu- sambandsins	Lýsing	Viðmiðanir sem eru uppfylltar
2740	Framleiðsla á rafljósabúnaði	C
2751	Framleiðsla rafknúinna heimilistækja	C
2752	Framleiðsla heimilistækja, annarra en rafknúinna	C
2790	Framleiðsla á öðrum rafbúnaði	C
2811	Framleiðsla hreyfla og hverfla, þó ekki í loftför, ökutæki eða vélhjól	C
2812	Framleiðsla á vökvaafsbúnaði	C
2813	Framleiðsla á öðrum dælum og þjöppum	C
2814	Framleiðsla á krönum og lokum	C
2815	Framleiðsla á legum, tannhjólum, drifum og drifbúnaði	C
2821	Framleiðsla á ofnum, bræðsluofnum og brennurum	C
2822	Framleiðsla á lyftitækjum og færslubúnaði	C
2823	Framleiðsla á skrifstofuvélum og -búnaði, þó ekki tölvum og jaðarbúnaði	C
2824	Framleiðsla á aflknúnum handverkfærum	C
2825	Framleiðsla á kæli- og loftræstibúnaði, þó ekki til heimilisnota	C
2829	Framleiðsla á öðrum vélum til almennra nota, ót.a.	C
2830	Framleiðsla á vélum til nota í landbúnaði og skógrækt	C
2841	Framleiðsla á vélum til mótunar á málm	C
2849	Framleiðsla á öðrum ótöldum smíðavélum	C
2891	Framleiðsla á vélum til málmvinnslu	C
2892	Framleiðsla á vélum til mannvirkjagerðar, námugrafrar og vinnslu hráefna úr jörðu	C
2893	Framleiðsla á vélum fyrir matvæla-, drykkjarvöru- og tóbaksvinnslu	C
2894	Framleiðsla á vélum fyrir textíl-, fata- og leðurframleiðslu	C
2895	Framleiðsla á vélum til pappirs- og pappaframleiðslu	C
2896	Framleiðsla á vélum til plast- og gúmmívinnslu	C
2899	Framleiðsla á öðrum ótöldum sérhæfðum vélum	C
2910	Framleiðsla vélknúinna ökutækja	C
2931	Framleiðsla á raf- og rafeindabúnaði í vélknúin ökutæki og hreyfla þeirra	C

Kóði atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins	Lýsing	Viðmiðanir sem eru uppfylltar
3011	Smíði skipa og annarra fljótandi mannvirkja	C
3012	Smíði skemmti- og sportbáta	C
3030	Framleiðsla á loft- og geimförum og tengdum vélbúnaði	C
3091	Framleiðsla vélhjóla	C
3092	Framleiðsla á reiðhjólum, barnavögnum og farartækjum fyrir hreyfihamlaða	C
3099	Framleiðsla annarra ótalra farartækja	C
3109	Framleiðsla á öðrum húsgögnum og innréttingum	C
3211	Myntslátta	C
3212	Skartgripasmíði og skyld framleiðsla	C
3213	Framleiðsla á gerviskartgripum og skyldum vörum	C
3220	Hljóðfærasmíði	C
3230	Framleiðsla á íþróttavörum	C
3240	Framleiðsla á spilum og leikföngum	C
3250	Framleiðsla á tækjum og vörum til lækninga og tannlækninga	C
3291	Framleiðsla á sópum og burstum	C
3299	Önnur ótalin framleiðsla	C

(¹) Geiranum „framleiðsla á glertrefjum“ er lýst með tveimur kóðum vöruflokkunar eftir atvinnugreinum: „231411 vöndlar, vafningar, garn og saxaðir þræðir úr glertrefjum“ og „231412 þunnir dúkar (e. *voiles*), vefir, mottur, rúmdýnur, plötur og aðrar vörur úr glertrefjum, þó ekki ofnir dúkar“. Geirinn uppfyllir ekki viðmiðanirnar, sem settar eru fram í 15. og 16. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, meðið á grundvelli 4. þreps atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins. Undirgeirinn 231411 uppfyllir þó viðmiðunina sem sett er fram í b-lið 16. mgr. 10. gr. a og undirgeiri 231412 uppfyllir viðmiðunina sem sett er fram í 15. mgr. 10. gr. a. Þar eð kóðarnir tveir úr vöruflokkun eftir atvinnugreinum ná yfir allan geirann „framleiðsla á glertrefjum“, er geiranum bætt í skrána á 4. þrepi atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins til að auðvelda tilvísanir.

1.2. Á stigi vöruflokkunar eftir atvinnugreinum eða vöruskrá ESB

Vöruflokkun eftir atvinnugreinum eða vöruskrá ESB	Lýsing	Viðmiðanir sem eru uppfylltar
081221	Kaólin og annar kaólinleir	C
08122250	Leir og leirsteinn til bygginga (þó ekki bentónít, eldtraustur leir, þaninn leir, kaólin og kaólinleir); andalúsít, kyanít og sillímanít; múllít; chamotte eða dínasleir	C
10311130	Frystar kartöflur, unnar eða varðar skemmdum (þ.m.t. kartöflur matreiðdar eða hálfmatreiðdar í olíu og síðan frystar, þó ekki með ediki eða ediksýru)	A

Vörflokkun eflir atvinnugreinum eða vöruskrá ESB	Lýsing	Viðmiðanir sem eru uppfylltar
10311300	Fin- eða grófmalað mjöl, flögur, kygni eða kögglar úr þurrkuðum kartöflum	A
10391725	Þykkt tómatauk	C
105121	Undanrennuduft	C
105122	Nýmjólkurduft	C
105153	Kasein	C
105154	Laktósi og laktósasíróp	C
10515530	Mysa og umbreytt mysa í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, einnig niðurseydd eða með viðbættum sætuefnum	A, C
108211	Kakódeig, einnig fitusneytt	C
108212	Kakósmjör, kakófeiti og kakóolía	C
108213	Kakóduft, án viðbættis sykurs eða annarra sætuefna	C
10891334	Ger til baksturs	C
20111150	Vetni	B
20111160	Köfnunarefni	B
20111170	Súrefni	B
203021	Tilbúin litarefni, gruggunarefni og litir, bræðsluhæft smeltlakk og glerungur, engób, fljótandi gljáefni o.þ.h., glersía	C
239914	Gervigrafít, hlaupkennt eða hálfhlaupkennt grafít, efnablöndur að meginstofni úr grafíti eða öðru kolefni sem er hálfunnið	C
23991910	Gjallull, steinull og áþekk ull úr jarðefnum og blöndur þeirra, í lausu, þynnum eða rúllum	A
23991920	Flagað vermikúlít, þaninn leir, frauðað gjall og áþekk þanin jarðefni og blöndur þeirra	A
25501134	Opin mótasmíði járnhluta fyrir drifsköft, sveifarása, kambása og sveifar o.s.frv.	A, C

Viðmiðanirnar sem liggja til grundvallar þegar geiri telst vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka eru eftirfarandi:

A: viðmiðun sem sett er fram í 15. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB,

B: viðmiðun sem sett er fram í a-lið 16. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB,

C: viðmiðun sem sett er fram í b-lið 16. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

2. Á GRUNDEVELLI VIÐMIÐANA SEM SETTAR ERU FRAM Í 17. MGR. 10. GR. a Í TILSKIPUN 2003/87/EB

Kóði atvinnugreina- flokunar Evrópu- sambandsins	Lýsing
1106	Maltgerð
1330	Frágangur á textílum
2332	Framleiðsla á byggingarvörum úr brenndum leir
2362	Framleiðsla á byggingarefni úr gífsi
2451	Járnsteypa
2453	Steypa léttmálma